

Tjón óverulegt en ennþá hvasst


Ekki lék illviðrið Siglufjörð eins grátt og óttast hafði verið og litlar sögur fara af tjóni. Skólaakstur féll þó niður í morgun og enn blæs kröftuglega. Kennsla 5.-10. bekkjar fer fram í starfsstöðvum skólans samkvæmt óveðursskipulagi. Nemendur sem búsettir eru í Ólafsfirði mættu í grunnskólann við Tjarnarstíg og nemendur búsettir á Siglufirði í grunnskólann við Norðurgötu.

Í Ólafsfirði fauk partur úr húspaki um fjögurleytið í nótt, að sögn lögreglu.

Um hádegisbilið á að hafa dregið mikið úr vindi, að því er lesa má á vef Veðurstofu Íslands.



Perustæði úr nærliggjandi ljósastaur við Aðalgötu.



Svona á þetta að líta út í hádeginu.

Kort: Veðurstofa Íslands (Vedur.is).

Myndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.